

Breytingartillaga

við till. til þál. um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010 [í skýrslu á þskj. 1501].

Frá Birgittu Jónsdóttur og Þór Saari.

Eftirfarandi breytingar verði á tillögugreininni:

- a. Við bætist ný málsgrein, 7. mgr., svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að breyta aðalnámskrám grunnskóla og framhaldsskóla þannig að heimspeki verði skyldufag sem verði kennt að meðaltali einn áfanga á hverju skólaári að lágmarki á hvoru skólastigi.

- b. Við II. lið 8. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Stjórnsýsluúttekt á forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti og starfsháttum þeirra frá ársbyrjun 2007 til loka september 2010. Úttektin taki sérstaklega til samskipta við önnur ráðuneyti og stofnanir, ákvarðana sem teknar voru í viðkomandi ráðuneytum á tímabilinu og atburða sem tengjast falli bankanna.

Greinargerð.

Með vísan til 8. bindis skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, *Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008*, er lögð til breyting við tillöguna sem miðar að því að tryggja að heimspeki verði skyldufag í grunn- og framhaldsskólum.

Jafnframt er í ljósi umfjöllunar um forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyti í skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis lagt til að gerð verði stjórnsýsluúttekt á ráðuneytunum þremur og þá sérstaklega horft til samskipta, ákvarðana og atburða sem tengjast falli bankanna.